Vertu sæl mey

Texti: Loftur Guðmundsson

Lag: Ástgeir Ólafsson (Ási í Bæ)

Við brimsorfna kletta bárurnar skvetta
hvítfextum öldum á húmdökkum kvöldum
sjómanninn laða og seiða.
Skipstjórar kalla, skipanir gjalla,
vélarnar emja, æpa og lemja.
á haf skal nú haldið til veiða.

Vertu sæl mey.
Ég kem aftur er kvöldar á ný.
Gleym þú þú mér ei,
þó að báran sér bylti með gný.
Eigirðu yl handa sjómanni er sjöstjarnan skín,
þá stendur hann brosandi í stórsjó og byl
við sinn stjórnvöl og hugsar til þín.

Höfundaskráning: https://www.icetones.se/textar/v/vertu_sael_mey.htm

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.